



Reykjavík, 30. september 2019

Skipulagsfulltrúi
Ólafur Melsteð
Bæjarskrifstofur Mosfellsbæjar
Þverholt 2
Mosfellsbær

Efni: Athugasemdir Veitna við deiliskipulagslýsingu. Verslunar, þjónustu og athafnasvæði í Blikastaðalandi

Veitur ohf. hafa fengið til umsagnar lýsingu fyrir deiliskipulag á verslunar og athafnasvæði í Blikastaðalandi. Ekki er til staðar deiliskipulag en í Aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2011-2030 er svæðið skilgreint sem blanda verslunar, þjónustu og athafnasvæðis.

Á grundvelli lýsingar deiliskipulags liggur fyrir að við uppbyggingu svæðisins er þörf á styrkingu á dreifikerfi rafveitu á svæðinu. Veitur óska eftir því að gert verði ráð fyrir mögulegum dreifistöðvum rafmagns og staðsetning unnin í samráði við Veitur.

Samráð

Veitur leggja áherslu á mikilvægi þess að deiliskipulagið verði unnið í samráði við Veitur og að Veitum berist upplýsingar um áform og tímasetningar svo hægt sé að huga að uppbyggingu dreifikerfis og samþættingu samhliða gerð deiliskipulags.

f.h. Veitna

Helga Rún Guðmundsdóttir